

Yfirlit um stöðu lífríkis í vötnum og ám á áhrifasvæði Austurgilsvirkjunar suðaustan Drangajökuls á Vestfjörðum

Kópavogi 19. júlí 2016

Greinargerð um stöðu lífríkis á svæði Austurgilsvirkjunar eftir vettvangsferð Náttúrufræðistofu Kópavogs dagana 13. – 17. júlí 2016. Gerð vegna vinnu við Rammaáætlun um virkjanaframkvæmdir.

Að beiðni Verkfræðistofunnar VERKÍS/Arnórs Þóris Sigfússonar fyrir hönd framkvæmdaraðila var farið í vettvangs- og sýnatökufærð á áhrifasvæði Austurgilsvirkjunar, upp af Skjaldfannardal í Ísafjarðardjúpi. Komið var á svæðið að fyrri part dags 13. júlí og stóðu sýnatökur yfir til loka dags þann 16. júlí. Í ferðina fóru Finnur Ingimarsson og Haraldur Rafn Ingvason frá Náttúrufræðistofu Kópavogs. Sýnatökur gengu vel og voru veðuraðstæður ágætar alla dagana, sól og bjart.

Samkvæmt áætlun var lífríki kannað í þremur vötnum, Vondadalsvatni, Efra-Vondadalsvatni og Skeifuvatni. Fyrirhugað var að taka tvær steinastöðvar til að kanna líf á strandsvæðum, þrjú setkjarnasýni (kajaksýni) til að kanna með botndýralíf á setbotni og þrjú hól með svifháfi til að kanna líf í vatnsbol vatnanna. Einnig voru lögð tvö 30 metra löng net með fimm möskvastærðum (10,0; 12,5; 15,5; 19,5 og 24,0 mm legglengd) í vötnin auk sex hornsílagildra. Á öllum stöðvum, bæði í ám og vötnum voru mældir eðlisþættir, sýrustig, hitastig og rafleiðni vatnsins.

Þá var einnig farið í þrjár ár á svæðinu, Austurgilsá, Selá og á sem rennur á milli Efra-Vondadalsvatns og Vondadalsvatns, sem við köllum hér Vondadalsá. Í Austurgilsá var ætlunin að taka tvær stöðvar eina ofan og aðra neðan hálandisbrúnarinnar, í Selá voru tvær stöðvar nálægt upptökum og aðrar tvær niður í Skjaldfannardal, ofan og neðan fyrirhugaðs stöðvarhúss og útrásar frá því. Eina stöð var svo áætlað að taka í Vondadalsá.

Þessar ofangreindar áætlanir gengu allar eftir þó upprunalegar staðsetningar færðust til í einhverjum tilfellum, einkum vegna snjóá og ísalaga.

Í ánum voru á hverri stöð tekin sýni af fimm steinum auk reksýnis sem var tekið með háf sem hafði 250 µm möskva í poka og op sem var 25*25 cm að stærð. Öll reksýnin voru tekin þannig að háfurinn var lagður niður í strauminn í 15 mínútur og skráð var hversu djúpt hann fór í vatnið. Þá var einnig fyrirhugað að veiða fisk með rafveiði.

Farið var á allar þær stöðvar sem áætlaðar voru þó staðsetning sumra hnikaðist aðeins til vegna aðgengis, ísalaga og straums. Öll sýni náðust utan kajaksýna af botni úr Vondadalsvötnunum þar sem botn þeirra var mjög blandaður sandi og mül en ógjörningur er að ná sýnum í kajak af slíkum botni. Auk þess er slíkur botn alla jafna frekar snauður af lífi. Net voru aðeins lögð í neðri hluta Skeifuvatns þar sem ís var með bökkum efri hlutans, nánast allan hringinn. Staðsetning stöðva er sýnd á meðfylgjandi korti.

Við fyrstu sýn virðist vatnalífriki á svæðinu afar fábrotið. Á strandsvæðum vatna og í ám (í steinasýnum) varð helst vart við rykmýslirfur og púpur sem sennilega eru af undirætt kulmýs (Diamesinae). Þegar ferðin var farin var töluvert klak mýflugna í gangi og sást til sólskríkja og sendlinga sem virtust helst vera á höttunum eftir þessum flugum. Á það einkum við Vondadalsvötnin. Jafnframt fundust hús og lirfur vorflugna, sennilegast er þar á ferðinni randavorfluga (*Apatania zonella*). Bæði vorflugur og kulmý eru algengar og útbreiddar á Íslandi, ekki síst á efri hlutum vatnasviða.


Bæði Vondadalsvötnin reyndust fremur grunn og svifvist þeirra því fremur rýr. Lítið virtist vera af dýrum í svifsýnum sem þar voru tekin. Vatnsdýpi í Skeifuvatni var mun meira og þar fundust smávaxin krabbadýr, ísdíli (*Diatomus sp.*) í svifvistinni. Ekki virtist þéttleiki þeirra þó vera mikill, en engu að síður vakti tilvist þeirra nokkra athygli, enda þessi vatnshluti enn að hálfu undir snjó og ís.

Ofan hálendisbrúna fundust ekki merki um fisk, engir fiskar komu í net og engin hornsíli í gildrum. Rafveitt var við efstu stöð í Selá en ekki kom fram fiskur. Ofan við Selfoss eru bæði Austurgilsá og Selá brotnar upp í stutta kafla af ófiskgengum fossum og því var ekki rafveitt neðst í Austurgilsá og á stöð 3 í Selá. Eini staðurinn sem gaf fisk var stöð 4 í Selá sem er neðan Selfoss. Þar var rafveitt í ármótum lítills lækjar sem rann út í Selá. Þar urðum við varir við fisk í skilunum milli jökulgruggurgrar Selárinnar og lækjarins, en sá fiskur náðist ekki. Annar fiskur veiddist í læknum og var það bleikja n.t.t. seiði, 11,5 cm að lengd og 13,1 gr. að þyngd. Vitað er af bleikjuveiði í ánni og bendir tilvist bleikjuseiðisins til þess að hrygning eigi sér stað á svæðinu, trúlega í lækjum og hliðarám Selár.

Sólskríkjur voru víða er sóttu í mýið. Sendlingspar var sennilega með hreiður við Efra-Vondadalsvatn, og lómapar fór á milli Vondadalsvatnanna, álft var á sveimi yfir Vondadalnum, einnig sást til kjóa.

Finnur Ingimarsson

Forstöðumaður



Mældir eðlisþættir á sýnatökustöðvum á áhrifasvæði Austugilsvirkjunar

	Stöð	Sýrustig	Hitastig	Leiðni (25°C)
E-Vondadalsvatn	S-1	7,48	3,8	35,9
E-Vondadalsvatn	K-1	7,22	3,6	36,8
Skeifuvatn	S-1	7,25	2,5	38,2
Skeifuvatn	S-2	6,9	4,8	39,1
Selá	S-1	6,94	1,7	40,1
Austurgilsá	S-2	6,86	0,5	21,5
Selá	S-3	7,14	3,7	23,1
Selá	S-4	6,78	4,4	22,3
Austurgilsá	S-1	6,95	6,7	32,5